

svo litlu broti af þeim mannafla, sem er beit til meiðinga og manndrápa, þá hefði ófesað á friðsamlegan hátt mált ávinna það til þjóðareflingar eða réttara sagt mannkynseflingar, sem menn hyggjast nú mest geta áunnið með ófriði, og miklu meir.

## IV.

Trúin á visindi er of takmörkuð enn þá, menín hafa ekki skilð nögu vel ennþá, að það er hin rétta hugsun eða viðleitni til réttari hugsunar, sem er aðalatriðið. Menn eru svo mikið að fást um, að þetta og þetta í rannsóknum og ritum, miði ekki til verklegra framkvæmda, og hættir mjög við að halda, einkum þar sem sumir visindomenn eiga i hlut, að verkamennirnir séu ekki launanna verðir. Menn virðast merkilega gleymnir á það, að nú þegar mætti nefna mörg dæmi þess, að rannsóknir sem flestir töldu helzt nökkurs konar visindalegan héggóma, eða ekki eiðuslnni það, hafa orðið stórkostlega að notum. Og fátt hafa menn lært hingað til, sem verða mun notasælla en sá skilningur sem nú hefir áunnizt í heldur lítilsmetnu höfði, að samstilling lífskraftanna er það takmark, sem neyta verður allrar orku til að stefna að eo ekki frá. Það væru margir á lífi nú, sem látið hafa líf sitt, og með hinum mestu harmkvælum sumir; margir ómeiddir, sem nu eru örkhunlaðir

og þjáðir, og márgir gliðir, sem nú eru sorgbitnir, ef þeim, sem mestu ráða á jörðu hér hefði verið það nögu ljóst, i hvert takmarkið er. Og miklar munu verða breytingar til batnaðar á högum mannanna, ef það auðnast að skýra og skilja, að það er fundin leið til að stefna betur en áður hefir gert verið hér á útjaðri vitheims, að hinu mikla takmarki allrar verundar.

21. okt.

*Helgi Pjeturss.*

## Gert að.

Lesendum hættir um of við að gleyma að mispræntanir geta átt sér stað.

I grein minni um brauð síðresti sunnudag stóðu orðin ábér í bæc á röngum stað. Gerfróður stóð þar lika fyrir gerðfróður. Danska orðið »gære« mun vera sama sem íslenzka orðið gera (gjöra), og rétt mál mundi vera að segja að það geri í brauði, sbr. igerð. Þýzka orðið gähren hygg eg sýni að orðið gjöra (gera) hefir verið til í þýzku forn-máli, og sjálfsagt notað einsog í norrænu, til margs, þó að nú sé það horfið nema í merkingunni sömu sem »gære« hefir í dönsku. Þó að það kunni að vera rétt, að setja »gähren« í samband við orðin ger og gör og Guhr, virðist það ekki þurfa að ósanna mitt mál.

H. P.